



Borgarráð

Tillaga um lántökur 2024

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2024 að fjárhæð 16.500 m.kr. til að fjármagna áformaðar fjárfestingar á árinu 2024 og til að fjármagna stofnframlög borgarinnar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum. Ennfremur verði lántakan nýtt til fjármögnunar á stofnframlögum B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага. Jafnframt er lagt til að veita sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast skuldabréfaútgáfu borgarsjóðs, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Greinargerð:

Tillagan miðast við að um 80% af fjárfestingum ársins 2024 séu fjármagnaðar með langtímalánum. Einnig stofnframlög borgarinnar til húsnæðissjálfsseignarstofnana og fyrirtækja sem uppfylla skilyrði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna byggingar og kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og stofnframlög til B-hluta fyrirtækja og hlutdeildarféлага.

Gert er ráð fyrir að fjármögnun fjárfestinga fari aðallega í gegnum eftirtalda skuldabréfaflokka borgarsjóðs:

- RVK 32 1 sem er millilangur verðtryggður skuldabréfaflokkur.
- RVKN 35 1 sem er óverðtryggður millilangur skuldabréfaflokkur.
- RVKNG 40 1 sem er óverðtryggður grænn skuldabréfaflokkur.
- RVKG 48 1 sem er langur verðtryggður grænn skuldabréfaflokkur
- RVK 53 1 sem er langur verðtryggður skuldabréfaflokkur.

Allir ofangreindir skuldabréfaflokkar eru skráðir í Kauphöll Íslands með viðskiptavakt að undanskildum RVKNG 40 1. Jafnframt kemur til álita að fjármögnun ársins verði með útgáfum á nýjum löngum eða styttri skuldabréfaflokkum, beinni lántöku eða með öðrum hætti með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Á árinu 2021 gaf borgin út stuttan óverðtryggðan skuldabréfaflokk með lokagjalddaga í maí 2024 að fjárhæð 4.970 m.kr. til að mæta halla á rekstri sem rekja má til viðbragða við aðstæðum í efnahagslífinu. Á árinu 2023 var samið við Íslandsbanka um lánaramma að fjárhæð allt að 6.000 m.kr.

Dagur B. Eggertsson
borgarráð